


Endurheimt á Kolviðarnesvatni syðra

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi júlí VMST-V/01012

Unnið fyrir Vegagerð ríkisins



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Efnisyfirlit

	Bls
Inngangur	1
Staðhættir	2
Endurheimt á fiskstofni	2
Rannsóknaráætlun	4
Þakkarorð	4
Heimildaskrá	4
Myndaskrá:	
1. mynd. Kort af umhverfi Kolviðarnesvatns	5
2. mynd. Ljósmynd af vatnsstæði Kolviðarnesvatns	6

Inngangur

Árið 1963 var Kolviðarnesvatn syðra ræst fram. Vatnið var grunnt stöðuvatn og var allgjöfult til veiða. Sérstaklega mun sjóbleikja hafa verið áberandi í vatninu (Jón Ólafsson munnlegar upplýsingar).

Framræsla votlendis á Íslandi hefur einkum átt sér stað síðastliðin 50 ár. Tilgangur framræslu hefur einkum verið ræktun túna úr mýrum og framræsla til að bæta mýrlendi sem beitiland (Óttar Geirsson 1975) og á það síðarnefnda við um framræslu Kolviðarnesvatns (Jón Ólafsson munnlegar upplýsingar). Frá árinu 1996 hefur verið starfandi á vegum landbúnaðarráðuneytisins nefnd um endurheimt votlendis og hafa verið unnin nokkur verkefni á vegum nefndarinnar og Fuglaverndarfélags Íslands. Einnig má nefna úrskurði umhverfisráðherra sem lúta að endurheimt votlendis sem mótvægisáðgerð vegna röskunar vegna vegagerðar, sorpurðunar o.fl. (Jón S. Ólafsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1998). Vegagerðin hefur unnið áætlun um endurheimt votlendis á Vesturlandi 2001 og er endurheimt Kolviðarnesvatns annað verkefnanna (Auðunn Hálfánarson 2001).

Mjög hefur gengið á íslenskt votlendi vegna framræslu og áætlað hefur verið að 55 – 75% alls votlendis á láglandi hafi verið ræst fram (Hlynur Óskarsson 1998, Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 1998). Votlendi eru mikilvæg vistkerfi og hafa sem slík mikið og margvíslegt gildi. Votlend taka til sín vatn í rigningum en miðla því í þurrkum, votlendi geyma mikið kolefni og hafa því mjög mikilvæg áhrif á kolefnisbúskap þessara vistkerfa. Votlendi bæði mýrar, tjarnir og vötn eru mikilvægt búsvæði plantna, fugla og fiska sem eykur mjög líffræðilega fjölbreytni á viðkomandi landsvæði. Tilvist fisksstofna í stöðuvötnum geta einnig verið mikilvæg hlunnindi vegna veiðinytja.

Markmið þessarar skýrslu er að taka saman þær upplýsingar sem til eru um fiskstofna Kolbeinsstaðavatns syðra fyrir framræslu þess og gera áætlun um nauðsynlegar framkvæmdir við vatnið er lúta beinlínis að endurheimt silungsstofns vatnsins og um æskilegar rannsóknir í tengslum við þessa framkvæmd þannig að unnt sé að fylgjast með þróun svifdýra, botndýra og fiskstofna eftir að vatnsborð hefur verið fært til fyrra horfs.

Fjölmargar tjarnir og lítil vötn hafa verið ræst fram á undanförunum áratugum. Á síðustu árum hefur orðið vart við aukinn áhuga á að færa tjarnir og vötn til fyrra horfs og skapa þannig skilyrði fyrir gróður og dýralíf og til veiða á silungi. Þannig

var vatnsborð Álatjarnar í nágrenni Borgarness fært til fyrra horfs árið 1995 og silungi sleppt til veiða í vatnið (Sigurður Már Einarsson 1995) en vatnið var þá fisklaust. Einnig má nefna Kerlingarvatn á Mýrum sem er um 27 hektara stöðuvatn í nágrenni Langár. Vatnsborð þess var fært til fyrra horfs í lok níunda áratugar síðustu aldar, Vatnið var þá fisklaust en nú er náttúruleg nýliðun urriða í Kerlingavatni í kjölfar sleppinga á silungi í vatnið (Sigurður Már Einarsson 1999). Nákvæmar rannsóknir á smádýralífi og fiskstofnum í kjölfar endurheimtar á vötnum liggja hins vegar ekki fyrir.

Staðhættir

Kolviðarnesvatn syðra er í landi jarðarinnar Kolviðarness í Eyja- og Kolbeinsstaðahreppi á Vesturlandi (1. mynd). Vatnið liggur í 6 m hæð yfir sjó (Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989) og er staðsett rétt ofan við ósasvæði Haffjarðarár á milli Haffjarðarár og Núpár. Mesta lengd vatnsins hefur verið 900 m og mesta breidd þess um 650 m. Áætlað flatarmál þess er 0,45 km² eða 45 ha. (1. mynd). Írennsli í vatnið hefur komið úr mýrarsytrum en útrennsli var áður til vesturs við ós Núpár (1. mynd).

Við skoðun á vatninu þann 10. júlí kom í ljós að nær ekkert er eftir af vatni í vatnsskálinni (2. mynd). Greinilega sést móta fyrir vatnsbökkunum umhverfis vatnið. Vatnið hefur verið grunnt og á sniði mælingar (Auðunn Hálfðánarson 2001) sýna að meðaldýpi hefur verið 85 sm, en mesta dýpi á sniðinu er 1.44 m.

Þær áætlanir sem liggja fyrir gera ráð fyrir því að núverandi afrennsli til suðurs úr Kolviðarnesvatni verði lokað sem og skurði vestan tjarnar sem nú er tengdur inn í tjarnarsvæðið. Vegagerðin mun setja nýtt afrennsli til vesturs í skurð nálægt upprunalegu afrennsli tjarnarinnar (1. mynd). Sett verður grjót eða malarflór í afrennslið í þeirri hæð sem landeigandi ákvarðar (Auðunn Hálfðánarson 2001).

Endurheimt á fiskstofni

Engar skriflegar heimildir eru til um þær fisktegundir sem áður voru í vatninu. Bleikja (*Salvelinus alpinus* L.) var nytjuð í vatninu og er einkum minnst á sjóbleikju í því sambandi (Jón Ólafsson munnlegar upplýsingar). Ekki er vitað hvort bleikjan var árið um kring í vatninu, þ.e. hvort vatnableikja hafi einnig verið til staðar. Auk þess er vitað að áll (*Anguilla anguilla* L.) var í vatninu og án efa hafa hornsíli

(*Gasterosteus aculeatus* L.) einnig verið þar fjölmenn. Við endurheimt fisktegunda í vatninu verður eingöngu miðað við að flýta fyrir landnámi bleikju í vatninu en bleikja yrði án efa til mestra nytja fyrir landeigendur. Hornsíli og all yrðu væntanlega fljót að nema land á ný.

Sjálfbær stofn af vatnableikju/sjóbleikju í Kolviðarnesvatni syðra krefst þess að hrygningarskilyrði séu til staðar í eða við vatnið. Bleikja hrygnir á malarbotni í ám eða á strandsvæðum stöðuvatna (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996).

Við skoðun á aðstæðum við Kolviðarnesvatn varð hvergi vart við malarbotn hvorki í gamla afrennsli vatnsins eða í vatnssæðinu sjálfu. Landið er allt gróið og því getur malarbotn hafa verið til staðar þótt hann sjáist ekki nú. Hugsanlegt er þó að vatnið hafi áður verið nýtt af sjóbleikju hluta úr árinu en hrygningin hafi verið í Núpánni, en þar er sjóbleikjustofn til staðar (Sigurður Már Einarsson 1992). Lagt er til að leitað verði að mól á líklegum stöðum í vatnsskálinni með því að ýta ofan af efsta jarðvegslaginu áður en vatnið verður stíflað. Einnig er mælt með því að ef mól finnst ekki að gróf mól verði flutt á valda staði og hrygningarskilyrði þannig útbúin til að tryggja að bleikjan geti hrygnt.

Vatnsskál Kolviðarnesvatns er grunn og ljóst að meðaldýpi er innan við 1 m. Æskilegt er að dýpri pyttir verði útbúnir í vatninu til að koma í veg fyrir að vatnið botnfrjósi allt og eyði þannig fiski í vatninu. Mælt er með því að útbúnir verði 2 – 3 pyttir sem verði 2 – 3 m að dýpt. Fiskur safnast oft í slíka dýpri pytti í vötnum og er því æskilegt að staðsetja þá tiltölulega nálægt landi til að auðvelda veiðar á stöng síðar meir. Efni úr þessum uppgreftri mun nýtast til að gera hólma eða nes í og við vatnið, en slíkir hólmar og nes myndu væntanlega laða að fugla og auka þannig fjölbreytileika í lífríkinu.

Til að flýta fyrir landnámi bleikju í vatninu eftir endurheimt þess er mælt með sleppingum á bleikjuseiðum í vatnið í þrjú ár. Hentugasti stofninn í þetta verkefni væri sjóbleikjan í Núpá sem enn er til staðar og er hugsanlegt að sá stofn hafi áður fyrir að einhverju leyti leitað inn í Kolviðarnesvatn á ákveðnum árstímum.

Við opnun á útrennslinu í gamla farveginn er nauðsynlegt að gæta þess að afrennslið verði fært fiski bæði seiðum og fullorðnum fiski. Æskilegt er að dýpi verði ekki minna en 15 sm og halli farvegarins verði innan við 2%.

Rannsóknaráætlun

Lagt er til að fylgst yrði nákvæmlega með þróun vatnalífs í kjölfar endurheimtar á Kolviðarnesvatni syðra þannig að unnt sé að byggja upp þekkingu á landnámi og framvindu vatnalífs í grunnnum stöðuvötnum í kjölfar slíkrar endurheimtar. Eftir að fyrra vatnsborð hefur verið endurheimt er lagt til að sýnum af vatnagróðri, svifi, botndýrum og fiski yrði árlega safnað í a.m.k. 3 ár og framvinda vatnalífs og þróun sé þannig nákvæmlega skráð. Slíkar upplýsingar myndu nýtast við svipaðar aðgerðir í framtíðinni.

Þakkarorð

Guðni Guðbergsson Veiðimálastofnun og Stefán Gíslason Staðardagskrá 21 lásu skýrsluna yfir í handriti og færðu margt til betri vegar.

Heimildaskrá

Auðunn Hálfðánarson 2001. Áætlanir um endurheimt votlendis á vesturlandi 2001. Vegagerðin Borgarnesi. 11 bls.

Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996. Fiskar í ám og vötnum. Landvernd 1996. 191 bls.

Hlynur Óskarsson 1998. Framræsla votlendis á Vesturlandi. Í: Íslensk votlendi-verndun og nýting (ritstj. Jón S. Ólafsson). Háskólaútgáfan 121-129.

Jón S. Ólafsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1998. Inngangur. Í: Íslensk votlendi-verndun og nýting (ritstj. Jón S. Ólafsson). Háskólaútgáfan. Bls 7 – 10.

Óttar Geirsson 1975. Framræsla. Í: Votlendi (ritstj. Arnþór Garðarsson). Rit Landverndar nr. 4. Bls 143-154.

Sigurður Már Einarsson 1992. Rannsóknir á Núpá 1991. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/92005X.

Sigurður Már Einarsson 1995. Möguleikar á fiskirækt í Álatjörn. Veiðimálastofnun Borgarnesi. Handrit. 4 bls.

Sigurður Már Einarsson 1999. Kerlingarvatn á Mýrum. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/99013X. 5 bls.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Jóhann Þórsson, Svafa Sigurðardóttir, Kristín Svavarsdóttir og Magnús H. Jóhannsson 1998. Röskun votlendis á Suðurlandi. Í: Íslensk votlendi-verndun og nýting (ritstj. Jón S. Ólafsson). Háskólaútgáfan. Bls. 131-142.



2. mynd. Núverandi vatnsstæði Kolviðarnesvatns þar sem bakkar í gamla vatnsstæðinu sjást greinilega (ljósmynd Björn Theódórsson)